

Námsvísir: Handmennt/textílmennt á miðstigi Hvolsskóla skólaárið 2008- 2009

Kennari: Gerður Þórisdóttir

Markmið skóla og nemenda:

Lögð verður áhersla á að örva sköpunargleði, vinnugleði og frumkvæði nemenda. Haldið áfram að byggja ofan á þann grunn sem nemendur hafa. Aukin áhersla á að gera nemendur sjálfstæða í vinnu og að kveikja áhuga þeirra á handverki almennt, í neysluþjóðfélagi nútímans.

Markmið handmenntakennslunnar byggist á markmiðum Aðalnámskrár Grunnskóla í listgreinum frá 1999.

Kennsluaðferðir og leiðir að markmiðum:

Nemendum í 4.-6. bekk verður skipt í 8-9 manna hópa og koma þeir í smíðju 2 x í viku 90 mín í senn, í 8 vikur. Handmenntakennsla er í eðli sínu einstaklingsmiðuð. Nemendur vinna ákveðin verkefni sem þau útfæra síðan að eigin óskum og eftir getu hvers og eins. Verkefni geta verið mismunandi milli hópa eftir árstíðum, vegna samþættingar við aðrar námsgreinar, þemavinnu o.s.frv.

Prjón: Grunnatriði í prjóni rifjuð upp og staða nemenda metin (stöðumat). Nemendur fitja upp, prjóna garðapryón, prjóna brugðna lykkju, fella af og ganga frá.

Nemendur vinna eftir skriflegum leiðbeiningum og uppskriftum

Vélsaumur: Áhersla lögð á að nem læri að vinna á saumavél, þræða spóla gera sporbreytingar o.s.frv.

Útsaumur: Nemendur rifja upp og læra ný útsaumsspor, sem nota mætti m.a. til að skreyta vélsaums- og prjónaverkefni.

Kennsluaðferðir:

Einstaklingskennsla, sýnikennsla, hópkenndsla, samvinnunám (nemendur kenna/hjálpa hver öðrum).

Námsmat: Kennaraeinkunn, verkefni nemanda og vinna metin þannig: frumkvæði/sjálfstæði 40%, vinnusemi/vandvirkni 20%, fylgir fyriræmælum 20%, umgengni/hegðun 20% .

Stöðumat, leiðsagnarmat. Sjálfsmat, nemandi metur vinnu sína í lok hvers tíma, kennari metur vinnu nemandans á sama eyðublað. Kennari skráir inn í Mentor.